



Seltjarnarnesi, 23. september 2011

Kæri sjálfstæðismaður,

Nú hefst starf Sjálfstæðisfélagsins á Seltjarnarnesi að nýju eftir sumarfrí. Fram að áramótum verður fjölbreytt dagskrá í starfi félagsins líkt og fyrri ár og hvetur stjórn félagsins alla sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi að taka virkan þátt í starfi félagsins.

Boðað verður til þriggja almennra félagsfunda í sal félagsins að Austurströnd 3, 3. hæð á næstunni. Þann 28. september kl. 20:00 munu gestir fundarins vera **formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins** þau Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal. Þá er ætlunin að boða til fundar í októbermánuði og ræða um Ísland og **Evrópusambandið**, þ.m.t. stöðu umsóknar Íslands í sambandið og rök með og á móti aðild Íslands. Að auki verður boðað til fundar í nóvembermánuði þar sem gestur fundarins verður Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri og mun hún fjalla um **stöðu bæjarsjóðs** og önnur mál sem eru í deiglu þá stundina í bæjarfélaginu. Á fundum Sjálfstæðisfélagsins verður boðið upp á léttar veitingar.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins verður haldinn 17. – 19. nóvember og skorar stjórn félagsins á Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi að hafa samband hafi þeir áhuga á að taka þátt með því að senda tölvupóst á netfangið xdnes@simnet.is fyrir 20. október næstkomandi.

Þá vill stjórnin minna á **sal** félagsins að Austurströnd 3, 3. hæð en tekjur af útleigu er félaginu mikil lyftistöng. Salurinn tekur 80 manns í sæti og er leigður í kvöldleigu fyrir 36.500 kr. en lægri upphæð til reglulegra fundarhalda að degi til. Vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann salar, Helgu Kristínu, í síma 821-3588 vegna útleigu.

Stjórn Sjálfstæðisfélagsins vill hvetja félagsmenn sem enn hafa ekki greitt **félagsgjöld** sín að gera það hið fyrsta. Framlag þitt kæri félagsmaður er okkur mikils virði.



Stjórnin

Sjálfstæðisfélag Seltirninga
<http://xdseltjarnarnes.is/>
xdnes@simnet.is